

Kornhlaða gerð að sýningarsal

Fyrsta norræna vefnaðar-sýning í Hasselby í haust

Í Hasselby-höll skammt frá Stokkhólmi er norræn menningarmiðstöð, sem kunnugt er. Síðan norræn samvinna hófst þarna í Hasselby hefur árlega verið haldin í aðalbyggingunni norræn listsýning, og þá ýmist sýnd málverk, svartlist eða höggmyndalist.

Í ár hafa orðið tímamót í þessum efnum, því að í vetrarbyrjun var vígt nýtt sýningarhús við höllina og um leið í fyrsta skipti efnt til sýningar á norrænum myndvefnaði. Er það gömul kornhlaða frá því um 1600 og mjög skemmtileg, rauð bygging, sem gerð hefur verið upp sem sýningarhús. Hefur það hlotið nafnið „Galerie Plaisiren“ eftir þorpi sem þar var með því nafni fyrr á öldum. Viðgerðin á sýningarhúsinu kostaði hálfa milljón sænskra króna og var greidd af Stokk hólmsborg og Hasselbystofnuninni.

Norræna myndvefnaðarsýningin stóð í mánuð, dagana 30. september til 29. október. Var einum myndvefara frá hverju Norðurlanda boðin þátttaka. Félag ísl. myndlistarmanna fékk boðið, og tók Ásgerður Búadóttir þátt í henni af þess hálfu. En frá hinum Norðurlöndunum sýndu Elisabet Hasselberg-Olsson frá Svíþjóð, Nanna Hertoft frá Danmörku, Majja

Kolsi-Mäkelä frá Finnlandi, og frá Noregi Synnove Anker Aurdal, sem valin hafði verið til þess að teikna og vefa myndklæði það, er Norðmenn hugðust gefa til Íslands í tilefni þjóðhátíðarinnar 1974.

Myndvefnaðarsýningin var mjög vel sótt. Sá hana um 4000 manns. Hún fékk líka já kvæða dóma í sænskum blöðum og fulltrúi Íslands, Ásgerður Búadóttir, hlaut góða dóma. T.d. segir Beate Syd-

hoff í Svenska dagbladet, að athyglisverðustu vefnaðina á sýningunni eigi þær Ásgerður Búadóttir frá Íslandi og sænska listakonan Elisabet Hasselberg-Olsson. Ásgerður noti m.a. íofið hrosshár, og ljái það myndvefnaði hennar skáldlegan og tilfinningaríkan blá.

Margareta Romdahl segir í Dagens Nyheter 30. sept, að sýning þessi kalli á áhuga allra, sem láti sig myndvefn að einhverju skipta, og ekki spilli það fyrir, að hið nýja sýningarhús sé eins og hann að gagnert fyrir veflista- verk. „Hinar fimm norrænu listakonur eru næsta ólíkar




Í kartöflukjallara undir kornhlöðunni var gerður skemmtilegur veizlusalur í sýningarhúsinu.

innbyrðis og mjög persónuleg ar í verki sínu. Þannig draga þær sterklega fram einkenni

hver annarrar. Ásgerður Búadóttir frá Íslandi sýnir hér myndklæði í glóandi rauðum litum, íofin löngu og náttúrlituðu hrosshári. Í öðrum verkum hefur hún ofið borða og fléttar vefmyndina saman með þeim.

Í annarri grein í Dagens Nyheter 11. okt. segir Anne-Marie Ericsson: „Á vígslusýningunni í Galerie Plaisiren gefur að líta 27 veflista- verk frá Norðurlöndunum fimm. Er hér um að ræða verk, sem hafin eru yfir allt umtal um einbera handverkskunnáttu. Maður hlýtur að gleðjast yfir því frelsi, sem kunnáttan í meðferð efnis opnar þessum listakönun. Stílfreðilega er sýningin auk þess mjög áhugaverð og gefur ástæðu til innbyrðis sam- anburðar. Fulltrúi Noregs er hér Synnove Aurdal, sem vinnur í björtum og sterkum litum, oft við svartan bak-

Framh. á bls. 38



Gömul kornhlaða við Hasselbyhöll hefur verið gerð að skemmtilegu sýningarhúsi, sem sést lengst til vinstri. Höllin í baksýn.

SG - hljómplötur | SG - hljómplötur | SG - hljómplötur | SG - hljómplötur | SG - hljómplötur | SG - hljómplötur | SG - hljómplötur

Auðvitað hlaut

Lína langsokkur

að koma á hljómplötu og þá að sjálfsögðu SG-hljómplötu. Tíu ára gömul telja úr Vesturbænum,

Hanna Valdís

syngur tvö lög úr ævintýrunum um Línu Langsokk og aðra tvo barnasöngva eftir sama höfund, Astrid Lindgren.

KRISTJÁN FRÁ DJÚPALÆK hefur þýtt alla söngvana, en hann er m. a. kunnur fyrir þýðingar sínar á söngvunum úr Kardemommubænum og fleiri barnaleikritum.

MAGNÚS PÉTURSSON píanóleikari útsetti lögin og stjórnar hljómsveit, sem annast undirleik. Þetta er fjögurra laga hljómplata. Verð kr. 290,00 með söluskatti.

SG-hljómplötur



SG - hljómplötur | SG - hljómplötur | SG - hljómplötur | SG - hljómplötur | SG - hljómplötur | SG - hljómplötur | SG - hljómplötur



Rennismiði

Tökum að okkur
rennismiði fyrir yður.
VÉLTAK HF.,
Dugguvogi 21.
Sími 86605.


Húsnæði óskast fyrir ríkisstofnanir

Þar sem ákveðið hefur verið að sameina nokkrar ríkisstofnanir í Reykjavík um húsnæði á einum stað, óskar fjármálaráðuneytið að kaupa húsnæði, um 1.000—1.200 ferm. að stærð. 400—420 ferm. séu á götuhæð með möguleikum á innkeyrslu að vinnustofum, að öðru leyti er um skrifstofuhúsnæði að ræða. Æskilegast væri, að húsnæðið yrði laust upp úr næstu áramótum.

Tilboð er greini stærð, ásigkomulag, verð og greiðsluskilmála, ásamt teikningum, sendist skrifstofu vorri fyrir 15. desember n.k.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

BORGARTÚNI 7 SÍMI 26844



Sýningargestir skoða tvö af íslensku verkunum á sýningunni, veggteppi eftir Ásgerði Búadóttur.

Fallegar jólagjafir

Fyrir börn og unglinga:

SÖGUR BIBLIUNNAR 1—3.

Óvenju fallegar bækur. Litmyndir á hverri opnu.

Skemmtilegt efni fyrir börn og unglinga, en um leið göfgandi.

Höfundurinn er hinn frægi barnabókahöfundur Arthur Maxwell.

Bækurnar fást hjá Bókaverzlun Máls og menningar, Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, Bókaverzlun Ísafoldar, Bókaverzlun Lárusar Blöndal og í bókaverzlun forlagsins, Ingólfsstræti 19.

— Kornhlaða

Framhald af bls. 35.
grunn. Listrænt er nokkur skyldleiki með henni og Ásgerði Búadóttur frá Íslandi, en strangheldin myndtúlkun hennar minnir á landslag, þar sem allt er mótað og kembt af eilífum gusti."

Martin Strömberg skrifar í Hallandsposten, Skånska dagbladet og fleiri blöð (7.10—9.10). Eftir að hafa rætt um hin endurbyggðu húsakynni segir hann: „Ásgerður Búadóttir sýnir hér efnisþungar, stílfastar kompositionir, sem öðlast ljós og líf af björtu slóri hrosshárs, sem kembist yfir fletina.“ „Þetta er kraftmikil sýning, sem bendir fram til nýrra möguleika á sviði veflistarinnar.“

Að lokum segir Beate Sydhoff í Svenska dagbladet (24.10): „Athyglisverðustu vefnaðina á sýningunni elga þær Ásgerður Búadóttir frá Íslandi og sænska listakonan Elisabet Hasselberg-Olsson. Hin fyrrnefnda notar m.a. íofið hrosshár, og ljær það myndvefnaði hennar skáldlegan og tilfinningaríkan blæ.“

Sparifjáreigendur



Avaxta sparifé á vinsælan og öruggan hátt.

Uppl. kl. 11—12 f. h.
og kl. 8—9 e. h.


Margeir J. Magnússon,
Miðstræti 3A,
sími 22714 og 15385.

TÓMSTUNDAHÚSIÐ


STÆRSTA LEIKFANGA- VERZLUN LANDSINS



**LEIKFÖNG FYRIR
ALLA FJÖLSKYLDUNA**



**DÝR LEIKFÖNG
ÓDÝR LEIKFÖNG**



**FJÖLBREYTTASTA ÚRVAL
LEIKFANGA
Á EINUM STAÐ**

TÓMSTUNDAHÚSIÐ

**Laugavegi 164
Sími 21901**